



Reykjavík, 6. nóvember 2024

USK24100107

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa þjónustu og samskipta

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Eftir íbúafundinn í Grafarvogi 7. október sl. höfðu verið sett upp plaköt, uppdrættir og myndir sem nú hefur verið rifið niður. Margir áttu eftir að skoða þetta betur. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga frá skipulagsyfirvöldum hvort vitað sé hverjir tóku þetta niður? Voru það skipulagsyfirvöld sjálf? Stendur til að setja þessa kynningu (bása) upp aftur? Eðlilegast væri að kynning væri uppi jafnlengi og umsagnarfresturinn í skipulagsgátt.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu þjónustu og samskipta, dags. 16. október 2024.

Svar:

Opið hús um húsnæðisátak í Grafarvogi var haldið fimmtudaginn 26. september sl. frá kl. 17-19 í Borgarbókasafninu Spönginni. Sama dag hafði sýning af fyrirliggjandi tillögum verið sett upp í safninu af starfsfólki borgarinnar og ákveðið hafði verið af vinnuhópi þeirra að tillögurnar stæðu á safninu í 12 daga. Sýningin var því tekin niður þann 8. október einnig af starfsfólki borgarinnar. Á sama tíma voru allar teikningarnar aðgengilegar á vef borgarinnar og eru enn: www.reykjavik.is/husnaedi/husnaedisatak Sýningin og opna húsið voru í raun viðbótarsamráð við formlegt skipulagsferli borgarinnar. Síðar í deiliskipulagsferlinu fer aftur fram samráð þar sem íbúar geta lagt inn formlegar athugasemdir varðandi deiliskipulagið, sem verða allar opinberar og hverri og einni athugasemd verður svarað.

Virðingarfyllst,
Guðrún Soffía Björnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa þjónustu og samskipta



Reykjavík



Reykjavík